

Ár 2021, þriðjudaginn 20. júlí, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnunum Gunnari Guðmundssyni, Björg Ásta Þórðardóttir og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málíð nr. 9/2021**

Knattspyrnudeild FH  
gegn  
Knattspyrnudeild Selfoss

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Knattspyrnudeild FH  
Fyrirsvarsmaður: Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

**Kærði:**

Knattspyrnudeild Selfoss  
Fyrirsvarsmaður: Gunnar Borgþórsson

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 9. júlí s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð og barst hún þann 19. júlí s.l.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess aðallega að honum verði dæmdur 3-0 sigur í leik Selfoss og FH í 3. flokkir karla A og B liða þar sem völlur sá sem leikið var á hafi verið ólögglegur fyrir leiki í þessum flokki.

Til vara er þess krafist að umræddur leikur verði endurtekinn á Selfossvelli eða á öðrum lögglegum velli.

Kærði krefst sýknu af öllum kröfum kæranda í málí þessu.

II.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum þannig að í hinum tilgreinda leik milli Selfoss og FH hafi leikirnir upphaflega átt að fara fram á Selfossi en leikstað hafi síðan verið breytt yfir á Grýluvöll í Hveragerði, en síðan halfi leikstað aftur verið breytt og það samdægurs yfir á Hamarsvöll í Hveragerði. Sá völlur hafi hins vegar ekki getað talist lögglegur fyrir þá leiki sem þarna áttu að fara fram þar sem völlurinn er einungis 54,30 metrar á breidd en lágmarksbreidd er 60 metrar. Vísar kærandi í 7. gr. reglugerðar KSÍ um um knattspyrnuleikvanga þar sem fjallað er um stærð knattspyrnuvalla.

Kærði lýsir atvikum málsins þannig að vegna vinnu við Grýluvöll hafi ekki verið hægt að leika á honum og hafi þeir boðist til að athuga hvort hægt væri að færa leikinn á Selfoss, en þjáfarar FH hafi afþakkað það boð og því hafi verið ákveðið af þjálfurum beggja liða að gera gott úr málunum og leika leikina á umræddum velli enda aðstæður þær sömu fyrir bæði lið og henti báðum jafn illa. Máli sínu til stuðnings vísar kærði til 1. mgr. 34. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

### III.

#### Niðurstaða:

Í máli þessu er það óumdeilt að umræddir leikir milli Selfoss og FH fóru fram á velli sem ekki uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga, en hann hefði þurft að fara fram á velli í flokki D skv. 7. gr. reglugerðarinnar. Verður það að teljast afar óheppilegt og slæmt fordæmi. Hins vegar segir í 34. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót að öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar og annað viðvígjandi framkvæmd leiksins, skuli borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgerð rétti sínum til að kæra ástandsbrotn. Í yfirlysingu frá dómara leiksins kemur fram að engar athugasemdir hafi komið frá forssvarsmönnum kæranda um stærð vallarins hvorki fyrir né eftir leik.

Í samræmi við ofangreint er niðurstaðan sú að sýkna beri kærða af öllum kröfum kæranda í máli þessu.

### IV.

#### Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Selfoss og FH í Íslandsmóti 3. flokks karla A og B liða sem fram fór þann 2. júní 2021 skulu standa óhögguð.



Helgi R. Magnússon

  
Gunnar Guðmundsson  
Björk Ólafsdóttir

#### Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um Aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til Árjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagará ekki taldir með.